



Stjórnarfundur haldinn 30. sept 2004 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá útbreiðslunefnd Keflavíkurkirkju v/ kirkjudags félagsins. Ákveðið að taka þátt og velja æskulýðsdaginn. Deildum félagsins verður falið að sjá um þennan dag.

Afrit af bréfi sem sent var til MÍT frá Birki Jónssyni sundiðkenda sunddeildar Keflavíkur og foreldrum þar sem hann þakkar fyrir veittan stuðning á keppnisárinu.

3. Send bréf.

UMFÍ sent yfirlit um sumarstarfið og starfið framundan vegna stjórnarfundar UMFÍ 17.-19. sept.

4. 75 ára afmæli félagsins 29. sept. 2004.

Ánægja með hvernig til tókst og lagður góður rómur af samkvæminu. Vel var veitt og gestir leystir út með gjöfum. Aðalstjórn vill þakka fyrir gjafir til handa félaginu frá Sunddeild og Fimleikadeild en þau færðu félaginu gjafabréf til að kaupa áhöld í félagsheimilið, stjórn unglingaráðs knattspyrnudeildar færði félaginu glæsilegan blómvönd. Reykjanesbær færði félaginu stóran vasa með blómum. Aðalstjórn vill þakka öllum þessum aðilum fyrir syndan hlýhug til félagsins á þessum tímamótum.

5. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri lagði fram nýgerðan samning við Íslenska útvarpsfélagið sem gildir frá 1. okt 2004 – 30. sept. 2005. Samningurinn er vegna áskriftar á Stöð 2 og Sýnar í félagsheimili okkar.

Meistaraflokkur karla í körfuknattleik varð norðurlandameistarar félagsliða og óskar aðalstjórn deildinni til hamingju með þennan árangur.

Körfuknattleiksdeild tekur þátt í bikarkeppni Evrópu og eru leikadagar heima þann 3. okt, 10. okt, og 18. okt. Útileikir verða 23. okt, 7. des. og 9. des.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu er að fara að spila til úrslita í bikarkeppni KSÍ og óskar aðalstjórn þeim góðs gengis.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 18:30.



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag fyrirmyndarfélag ÍSÍ

